

**Félagsheimilið Blönduósi ehf.**

**Blönduósi**

**Ársreikningur**

**2003**

Félagsheimilið Blönduósi ehf.

Húnabraut 6  
540 Blönduós

kt. 710197-3349

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2	Efnahagsreikningur .....	5
Áritun endurskoðenda .....	3	Yfirlit um sjóðstreymi .....	7
Rekstrarreikningur .....	4	Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Félagið rekur félagsheimili á Blönduósi. Á árinu starfaði einn starfsmaður hjá félaginu og námu launagreiðslur 2.352 þús. kr. Að auki greiddi félagið launatengd gjöld að fjárhæð 279 þús. kr.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2003 að fjárhæð 11.674 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og var eigið fé þess í árslok neikvætt um 22.949 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Á árinu var hlutafé félagsins aukið um 100 þús. kr. með sölu nýrra hluta. Hlutafé félagsins nam í árslok 40.600 þús. kr. og átti Blönduósbær 99,7% af heildarhlutafé en Leikfélag Blönduóss 0,3%.

Með hliðsjón af ákvæðum 74. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er ekki heimilt að úthluta arði til hluthafa 2004 vegna rekstrarársins 2003. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Félagsheimilisins Blönduósi ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Blönduósi, 2003.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun endurskoðenda

---

Stjórn og hluthafar Félagsheimilinu Blönduósi ehf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Félagsheimilisins Blönduósi ehf. fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 12. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Árið 2003 varð 11.674 þús. kr. tap á rekstri félagsins og nam ójafnað eigið fé þess í árslok 22.949 þús. kr. Samtala veltufjármuna var 24.473 þús. kr. lægri en samtala skammtímaskulda í árslok og hefur veltufjárstaðan batnað um 3.235 þús. kr. frá árinu á undan. Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi er miðað við framreikning upphafslegs stofnverðs að frádregnum árlegum afskriftum. Framsetning skulda miðast við að afborganir fari fram á umsömdum gjalddögum. Réttmæti þessarar forsenda er háð því að umbætur verði í rekstrarafkomu og fjármögnun félagsins.

Það er álit okkar, að ársreikningurinn með þeim fyrirvörum sem að framan greinir gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2003 og efnahag þess 31. desember 2003, og breyting á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Akureyri, 2003.

***KPMG Endurskoðun Akureyri hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2003

	Skýr.	2003	2002
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Leigutekjur .....		4.599.733	4.863.035
Vörusala .....		1.636.951	1.883.702
Aðrar tekjur .....		281.600	
		6.518.284	6.746.737
 <b>Rekstrargjöld:</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		880.383	1.145.070
Laun og launatengd gjöld .....		2.630.924	2.768.987
Annar rekstrarkostnaður .....		7.296.858	6.273.149
Afskriftir .....	6	2.027.360	2.027.360
		12.835.525	12.214.566
Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		( 6.317.241)	( 5.467.829)
 <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Vaxtatekjur .....		1.867	2.105
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 5.358.671)	( 4.416.413)
		( 5.356.804)	( 4.414.308)
 <b>Tap ársins .....</b>	 9	 ( 11.674.045)	 ( 9.882.137)

# Efnahagsreikningur

---

## Eignir

	Skýr.	2003	2002
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir .....	6	<u>50.095.283</u>	<u>52.122.643</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Vörubirgðir .....		90.350	81.767
Viðskiptakröfur .....		149.345	266.665
Handbært fé .....		<u>162.710</u>	<u>87.530</u>
Veltufjármunir		<u>402.405</u>	<u>435.962</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>50.497.688</u></u>	<u><u>52.558.605</u></u>

# 31. desember 2003

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2003	2002
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutafé .....	8	40.600.000	40.500.000
Ójafnað eigið fé .....		( 63.548.840)	( 51.874.795)
Eigið fé	9	<u>( 22.948.840)</u>	<u>( 11.374.795)</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	10	<u>48.571.135</u>	<u>35.789.209</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....			32.473
Blönduósbær .....		19.927.282	15.907.389
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímalána .....	11	4.162.531	9.673.026
Ýmsar skammtímaskuldir .....		785.580	2.531.303
		<u>24.875.393</u>	<u>28.144.191</u>
Skuldir samtals		<u>73.446.528</u>	<u>63.933.400</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>50.497.688</u>	<u>52.558.605</u>



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Innlausn tekna

2. Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikninginn þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

### Varanlegir fastafjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

## Laun og launatengd gjöld

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2003	2002
Laun .....	2.351.619	2.428.415
Launatengd gjöld .....	279.305	340.572
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>2.630.924</u>	<u>2.768.987</u>

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2003	2002
Vaxtatekjur .....	1.867	2.105
Vaxtagjöld .....	( 4.033.070)	( 3.632.135)
Verðbætur .....	( 1.325.601)	( 784.279)
Fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 5.356.804)</u>	<u>( 4.414.308)</u>

## Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteign
Bókfært verð 1.1.2003 .....	52.122.643
Afskrifað á árinu .....	( 2.027.360)
Bókfært verð 31.12.2003 .....	<u>50.095.283</u>
Afskriftarhlutföll .....	3%
Afskriftartími .....	33 ár

## Skýringar, frh.:

---

### *Fasteigna- og brunabótamat*

7. Brunabótamat fasteigna var í árslok 167.859 þús. kr., fasteignamat var í árslok 41.433 þús. kr. og fasteignamat leigulóða 3.257 þús. kr.

### **Eigið fé**

8. Hlutfé félagsins í árslok var 40.600 þús. kr. Á árinu var hlutfé aukið um 100 þús. kr. með sölu nýrra hluta. Eitt atkvæði fylgir hverjum 5 þús. kr. hlut í félaginu.

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2003 .....	40.500.000	(51.874.795)	(11.374.795)
Innborgað hlutfé .....	100.000		100.000
Tap ársins .....		(11.674.045)	(11.674.045)
Eigið fé 31.12. 2003 .....	<u>40.600.000</u>	<u>(63.548.840)</u>	<u>(22.948.840)</u>

### **Langtímaskuldir**

10. Yfirlit um langtímaskuldir

Verðtryggð lán .....	52.733.666
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir .....	( 4.162.531)
Langtímaskuldir samtals .....	<u>48.571.135</u>

11. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2004 .....	4.162.531
Árið 2005 .....	3.096.528
Árið 2006 .....	2.608.413
Árið 2007 .....	2.608.413
Árið 2008 .....	2.608.413
Síðar .....	37.649.368
	<u>52.733.666</u>

## Skýringar, frh.:

---

### Skattamál

12. Ójafnað skattalegt tap í árslok 2003, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 66.285 þús. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 1997, nýtanlegt til ársins 2007 .....	7.724.014
Tap ársins 1998, nýtanlegt til ársins 2008 .....	10.682.584
Tap ársins 1999, nýtanlegt til ársins 2009 .....	10.077.971
Tap ársins 2000, nýtanlegt til ársins 2010 .....	8.724.067
Tap ársins 2001, nýtanlegt til ársins 2011 .....	7.520.601
Tap ársins 2002, nýtanlegt til ársins 2012 .....	9.882.137
Tap ársins 2003, nýtanlegt til ársins 2013 .....	11.674.045
	<hr/>
	66.285.419
	<hr/>